



Þingskjal nr. 8

Samþykkt 9. þings Samiðnar um fjórðu iðnbyltinguna

Fjórða iðnbyltingin og áhrif hennar eru að koma fram með margvíslegum hætti með aukinni sjálfvirkni og breytingu á störfum. Fjórða iðnbyltingin munu eins og hinar fyrri hafa misjafnleg áhrif á líf og störf fólks. Störf munu hverfa, önnur breytast og ný koma í staðinn.

Ljóst má vera að breytingar snerta fólk með mismunandi hætti, ómenntaðir munu standa veikari en þeir sem meiri menntun hafa.

Mikilvægt er að Íslendingar nýti vel þau tækifæri sem fjórða iðnbyltingin býður upp á og tryggi öllum tækifæri til að bregðast við breyttum aðstæðum með endurmenntun og umskólun.

Tryggja verður að ávöxtur af hugsanlegri framleiðsluaukningu fjórðu iðnbyltingarinnar verði ekki til þess að ójöfnuður fari vaxandi og þeir ríku verði enn ríkari.

Stjórnvöld í samstarfi við aðila vinnumarkaðarins þurfa að mynda sér skýra stefnu með hvaða hætti við nýtum þau tækifæri sem felast í auknum tæknibreytingum til að auka hagsæld fyrir alla með félagslegum lausnum.

Samiðn lýsir sig tilbúin til samstarfs við stjórnvöld og atvinnulífið til að tryggja að áhrif fjórðu iðnbyltingarinnar verði til að bæta almenn lífsskilyrði.

Reykjavík, 10. maí 2019